

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Fjarðabyggð.

Breyting deiliskipulagsins Bakkagerði 1 á Reyðarfirði.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti 15. mars 2012 breytingar á deiliskipulaginu Bakkagerði 1 á Reyðarfirði.

Breytingar felast í að raðhúsa- og parhúsalóðum við Brekkugerði er breytt í einbýlishúsalóðir, lóð fyrir spennistöð við Brekkugerði 15 er breytt í einbýlishúsalóð ásamt breytingum á lóðamörkum, nokkrum lóðum þar sem gert var ráð fyrir einnar hæðar húsum er breytt þannig að gert er ráð fyrir tveggja hæða húsum.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting deiliskipulagsins Melur 1 á Reyðarfirði.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti 15. mars 2012 breytingar á deiliskipulaginu Melur 1 á Reyðarfirði.

Breytingar felast í að íbúðafjöldi eykst þannig að á svæðinu verða 10 einbýlishús, 20 íbúðir í 10 parhúsum og 57 íbúðir í 15 raðhúsum.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting deiliskipulags vöruflutningahafnar á Reyðarfirði.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti 15. mars 2012 breytingar deiliskipulags vöruflutningahafnar á Reyðarfirði.

Breytingar felast í að skipulagssvæðið minnkar en deiliskipulag iðnaðarsvæðisins á Kollaleiru stækkar að sama skapi. Bætt er við einni lóð, Ægisgötu 70, fyrir hafnarvog.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting deiliskipulags iðnaðarsvæðisins á Kollaleiru á Reyðarfirði.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti 15. mars 2012 breytingar deiliskipulags iðnaðarsvæðisins á Kollaleiru á Reyðarfirði.

Breytingar felast í að skipulagssvæðið stækkar, Tjarnarvogur fellur út ásamt lóðum, nýjar lóðir eru búnar til þar sem svæðið stækkar, nokkrar lóðir eru felldar út, aðrar lóðir stækka og enn aðrar minnka.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 6. júní 2012.

Páll Bj. Guðmundsson bæjarstjóri.